



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 70. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn
Fjarfundur,
25. október 2018, kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Erlingur Freyr Jenson varaformaður, Sveinn Hreiðar Jenson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Karl Ingólfsson varamaður og Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Heiða Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

1. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Umfjöllun svæðisráðs um drög að rekstraráætlun VJP. Farið yfir tillögur svæðisins og drög að áætlun fyrir garðinn í heild.

Svæðisráð sátt við drögin á þessu stigi, telur tillögur svæðisins hóflegar og leggur áherslu á að þær verði ekki skertar á seinni stigum.

2. Vestursvæði - samstarf - 1810012

Ósk þjóðgarðsvarðar og sérfræðings Umhverfisstofnunar um að auka samstarfs VJP og UST í Skaftárhreppi á svipuðum nótum og gert hefur verið með góðum árangri í Hrauneyjum undanfarin ár.

Svæðisráð tekur heilshugar undir ósk um aukið samstarf og bendir á góðan árangur af samsvarandi samstarfi í Hrauneyjum.

Fundi slitið kl. 16:00.